

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

1. gr.

Veðurstofa Íslands skal taka gjöld skv. gjaldskrá þessari og skulu þau standa undir kostnaði stofnunarinnar við þar tilgreinda þjónustu.

2. gr.

Vottorð um veður:

	kr.
2.1. Grunnjald	3.390
2.2. Hvert atriði í veðurathugun	20
2.3. Hvert spásvæði í veðurspá/yfirlit	570

- Ef óskað er flýtafgreiðslu, þ.e. að vottorð afgreiðist sama dag og beiðni berst, hækkar grunnjaldið um 50%.

- Ef þýða þarf vottorð á önnur tungumál leggst kostnaður þýðanda við verð skv. gjaldskrá.

3. gr.

Útseld vinna:

3.1. Sérfræðingur (á klst.)	3.950
3.2. Aðstoðarmenn sérfræðinga og aðrir starfsmenn	2.260

4. gr.

Sérþjónusta við dreifingaraðila þ.m.t. fjölmiðla:

	Stakt kort pr. stk. kr.	Föst áskrift pr. stk. kr.
4.1. Handteiknað spákort fyrir Ísland með stuttum texta	2.110	1.620
4.2. Handteiknað yfirlitskort (greining) með þrýstikerfum, skilum auk örva um tilfærslur	820	640
4.3. Handteiknað yfirlitsspákort t.d. 24 stunda spá með skilum, þrýstilinum og kerfum	2.780	2.130
4.4. Sérspá fyrir ákveðinn stað, sent sem texti:		
a) Fyrir einn sólarhring	1.130	990
b) annar og þriðji sólarhringur	565	500
c) fjórði til sjötti sólarhringur	565	500
4.5. Veðurspárit (sex daga spá), fjórir spáþættir, einn staður	1.200	960
- Spá fyrir hvern viðbótarstað	260	210
4.6. Spár fyrir tiltekin hafsvæði, (Smugan, Flæmingjagrunn) fjórir spáþættir, einn staður (punktur)	1.200	960
- Spá fyrir hvern viðbótarstað (punkt)	260	210
4.7. Gögn úr tölvuspám, ein grunneining (1 NEV=eitt spágildi í einum punkti)	0,175	0,175

5. gr.

Sérþjónusta við einstaklinga eða einstök fyrirtæki:

	Stakt kort per stk. kr.	Föst áskrift per stk. kr.
5.1. Tilbúin innlend eða erlend kort eða texti, send á bréfsíma.	140	140
5.2. Veðurspá fyrir ákveðinn stað (texti):		
a) Fyrir einn sólarhring	470	400
b) annar og þriðji sólarhringur	240	200
c) fjórði til sjötti sólarhringur	240	200
5.3. Veðurspárit (sex daga spá), fjórir spáþættir, einn staður	260	210
- Spá fyrir hvern viðbótarstað	60	50
5.4. Spár fyrir tiltekin hafsvæði, sex daga spá (Smugan, Flæmingjagrunn) einn staður (punktur) fjórir spáþættir	260	210
- Spá fyrir hvern viðbótarstað (punkt)	60	50
<i>Þessum spám (5.4.) má dreifa um Inmarsat-C. Við gjald Veðurstofu bætist þá sendingarkostnaður dreifiaðila.</i>		
5.5. Myndir úr veðursjá (Tif myndir) í gegnum tölvutengingu		
Skráningargjald		5.230
1 - 100 myndir		80
100 - 1000 myndir		40
meira en 1000 myndir		20
5.6. Gögn úr tölvuspám, ein grunneining (1 NEV=eitt spágildi í einum punkti)	0,044	0,044

6. gr.

Notkun á flugveðurgögnum frá tölvukerfi Veðurstofu (Veðurboði); mánaðargjald.

	kr.
6.1. Samband við fjarskiptakerfi Veðurstofu og allt að 100.000 stafir	570
6.2. Gjöld fyrir gögn umfram 100.000 stafi, fyrir hverja byrjaða 1.000 stafi	20

7. gr.

Sjálfvirkar veðurstöðvar:

	kr.
Geymsla á gögnum á megabyte á mánuði. (Viðskiptavinur greiðir aðeins þann hluta sem áætlað er að berist á heilu ári. VÍ kostar geymslu eldri gagna.)	80
Eftirlit, uppfærslur og fleira, á stöð á mánuði. (Áætlað er að vinna við ofangreint nemi tveimur klst. á stöð á mánuði. Viðskiptavinur greiðir 25% þess kostnaðar.)	1.980

Upphringikostnaður fylgir gjaldskrá Pósts og síma. Tölvuálag, 10%, leggst á heildarupphæð reiknings.

8. gr.

Árgjald áskriftar Veðráttunnar:

	kr.
1994 - 1995 (12 tölublöð hvort ár)	1.780
1993 (13 tölublöð á ári)	1.920
Eldri árgangar:	
1924 - 1956	450
1957 - 1992	1.130

Áskrift sérstakra mánaðarblaða 3.280

Töfluútskriftir:

Grunngjald	570
- hvert viðbótarblað	60

9. gr.

Sé þjónusta seld í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, skal miða við gengi hvers tíma.

10. gr.

Óheimilt er með hvaða hætti sem er að birta og endurprenta þau gögn sem látin eru í té skv. gjaldskrá þessari nema fyrir liggi heimild Veðurstofu Íslands.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands, öðlast gildi þann 1. janúar 1998. Þá fellur úr gildi gjaldskrá sem tók gildi 1. október 1996, með sama heiti.

Umhverfissráðuneytinu, 31. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Þórður H. Ólafsson.